



107. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar
fimmtudaginn, 21. desember, 2004, kl. 17:30
haldinn á veitingahúsinu við Árbakkann.

Formaður bæjarráðs, Valdimar Guðmannsson, setti fund og stjórnaði honum. Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Atvinnumál .
 - a. Sjávarútvegsráðuneytið - byggðakvóti.
 - b. Endurnýjun á samningi við Glaðheima ehf.
 - c. Trúnaðarmál.
2. Erindi Golfklúbbsins Óss.
3. Erindi Vegagerðarinnar.
4. Erindi Rannsóknir og ráðgjöf ferðapjónustunnar.
5. Bréf Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.
6. Bréf Félagsmálaráðuneytisins - varðandi Erlend Magnússon.
7. Bréf Félagsmálaráðuneytisins - viðbótarlán.
8. Bréf Skagabyggðar.
9. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Atvinnumál .
 - a. **Sjávarútvegsráðuneytið - byggðakvóti.**
Sveitarfélagið hefur sótt um lengri frest en til 1. janúar til að skila inn tillögum sveitarfélagsins vegna úthlutunar byggðakvótans. Ákveðið að ræða málið nánar á næstu fundum bæjarráðs.
 - b. **Endurnýjun á samningi við Glaðheima ehf.**
Rætt um endurnýjun samnings við Glaðheima ehf. og áhersluþætti paraðlútandi. Bæjarstjóra falið að gera drög að nýjum samningi.
 - c. **Trúnaðarmál.**
Erindi bókað í trúnaðarbók.
 - d. **Samningur við Bílaþjónustuna vegna bruna í Votmúla.**
Fram lagður undirritaður samningur við Bílaþjónustuna ehf. þar sem sveitarfélagið fær ráðstöfunarrétt yfir lóðinni að Efstubraut 2 (0105). Miðað er við að sveitarfélagið taki við eigninni þ. 1. janúar 2005.
2. **Erindi Golfklúbbsins Óss.**
Þakkaður er stuðningur við golfklúbbinn undanfarin ár og þess farið á leit að bæjarstjórn veiti klúbbnum 800 þúsund kr. styrk á árinu 2005 eða 250 þúsundum kr hærri styrk en undanfarin ár til að mæta fjárhagsvanda félagsins. Bæjarráð samþykkir að veita klúbbnum 100 þúsund kr. umframstyrk til tveggja ára, eða 650 þús. kr. árið 2005 og 650 þús. kr. 2006. Gerður verði samstarfssamningur við golfklúbbinn til tveggja ára.



3. Erindi Vegagerðarinnar.

Vegagerðin óskar eftir umsögn Blönduóssbæjar með að brúa Blöndu fyrir umferð hestamanna og nota til þess gömlu Blöndubrúnna. Vísað er í bréf frá stjórn Hestamannafélagsins Neista sem barst Vegagerðinni nýverið.

Erindinu er vísað til næsta fundar bæjarstjórnar.

4. Erindi Rannsóknir og ráðgjöf Ferðapjónustunnar (RFF).

Fyrirtækið undirbýr útgáfu sögukorta á íslensku og ensku fyrir alla landshluta Íslands og er stefnt á útgáfu sögukorts fyrir Húnavatnssýslur og Skagafljörð á árinu 2005. Þess er farið á leit að Blönduóssbær styrki útgáfu sögukorts á NV með 200.000,- kr. framlagi.

Bæjarráð hafnar erindinu.

5. Bréf Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Fram lagðar upplýsingar frá Jöfnunarsjóði vegna fjárhagsáætlana sveitarfélaga 2005. Áætlaðar tekjur sjóðsins fyrir árið 2005 nema 11.301 mkr en voru 10.660 mkr á árinu 2004.

6. Bréf Félagsmálaráðuneytisins - varðandi Erlend Magnússon.

Ráðuneytinu hafa borist athugasemdir frá Erlendi Magnússyni vegna greinargerðar sem bæjarstjóri tók saman í tengslum við málsmeðferðir hinna ýmsu mála varðandi fasteignirnar Brimslóð 6 og Brimslóð 8 á Blönduósi.

Bæjarstjóra falið að fara nánar yfir málið.

7. Bréf Félagsmálaráðuneytisins - viðbótarlán.

Lögð fram til kynningar breyting á lögum um húsnæðismál nr. 44/1998. Lögin eru nr. 120/2004. Fram kemur að veitingu viðbótarlána verður hætt með hinum nýju lögum.

8. Bréf Skagabyggðar.

Hreppsnefnd Skagabyggðar hefur fjallað um erindi bæjarstjórnar Blönduóssbæjar þar sem óskað er eftir viðræðum við hreppsnefndina vegna tillagna sameiningarnefndar sveitarfélaga. Skagabyggð samþykkir að eiga fund með bæjarstjórn á nýju ári.

9. Önnur mál.

- a. Uppmokstur á urðunarrein.** *Bæjartækniþæðingur óskar eftir heimild til að ganga til samninga vegna nýrrar urðunarreinar í Draugagili. Bæjarráð samþykkir erindið.*

Fundargerð upplesin og samþykkt.
Fundi slitið kl. 19:20.

Ágúst Þór Bragason (sign.)
Jóhanna G. Jónasdóttir (sign.)
Valdimar Guðmannsson (sign.)

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)